

Mánudaginn 1. marz 1965.

Nr. 160/1964. **Halldór Guðlaugsson**

(Einar Gunnar Einarsson hdl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

og gagnsök (Björn Hermannsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús
Þ. Torfason.

Skaðabótakrafa vegna gæzluvarðhalds og geðrannsóknar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. október 1964, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. október s. á. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 563.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 15. desember 1960 til greiðsludags og málskostnað hér fyrir dómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. október 1964. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar stefnukröfunnar, og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Með bréfi, dags. 30. ágúst 1961, til sýslumannsins í Árnessýslu tilkynnti saksóknari ríkisins, að af hálfu ákærvalds væru eigi fyrirskipaðar frekari aðgerðir vegna sakaðómsrannsóknar þeirrar, sem fram fór í tilefni af kæru Barnaverndarráðs Íslands á hendur aðaláfrýjanda og rakin er í héraðsdómi. Bæjarþingsstefna í máli því, sem hér er til úrlausnar, var gefin út 9. janúar 1962 og birt 11. s. m.

Allmörg ný gögn hafa verið lögð fram í máli þessu hér fyrir dómi.

Með skírskotun til málavaxta, eins og þeir eru raktir í héraðsdómi, þykir bæði samkvæmt almennum lagareglum svo og samkvæmt 2. tl. 150. gr. og 2. tl. 151. gr. laga nr.

82/1961 bresta skilyrði til þess að dæma aðaláfrýjanda bæt-
ur fyrir gæzluvarðhaldsvist hans og geðheilbrigðisrannsókn
þá, sem hann varð að þola. Ber því að sýkna gagnáfrýj-
anda af kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu
bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en greiða ber úr ríkis-
sjóði málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda í
héraði, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmans, sem
ákveðast kr. 23.000.00, og málflutningslaun skipaðs tals-
manns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, Einars Gunnars Ein-
arssonar héraðsdómslögmans, kr. 23.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á
að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Halldórs Guð-
laugssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af sökinni bæði í hér-
aði og fyrir Hæstarétti, en málflutningslaun skipaðs
talsmanns aðaláfrýjanda í héraði, Guðlaugs Einarsson-
ar hæstaréttarlögmans, kr. 23.000.00, og málflutnings-
laun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti,
Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmans, kr.
23.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Halldór Guðlaugs-
son, bóndi að Öndverðarnesi, Grímsnesi í Árnessýslu, að fengnu
gjafsóknarleyfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 23. október 1961,
með stefnu, útgefinni 9. janúar 1962, á hendur fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 610.000.00,
ásamt 10% ársvöxtum frá 15. desember 1960 til 29. desember
s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til
greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Jafnframt var saksóknara ríkisins f. h. ríkisvaldsins og sýslu-
manninum í Árnessýslu stefnt til réttargæzlu. Engar sjálfstæð-

ar kröfur hafa verið gerðar á hendur þeim aðiljum, og þeir hafa engar kröfur gert í málinu.

Við hinn munnlega flutning málsins lækkaði stefnandi fjárhæð kröfu sinnar í kr. 563.000.00 og krafðist 7% ársvaxta af fjárhæðinni. Að öðru leyti hélt hann við gerðar kröfur í stefnu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en til vara verulegrar lækkunar þeirra og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Atvik málsins eru þessi:

Með bréfi til Barnaverndarráðs Íslands, dags. 13. desember 1960, óskaði Guðbjörn Guðmundsson, til heimilis í Reykjavík, bróðir eiginkonu stefnanda, þess, að barnaverndarráðið léti til sín taka heimili stefnanda að Öndverðarnesi vegna framkomu og samskipta stefnanda við börn sín, sem bréfritarinn taldi eftir upplýsingum frá skyldum og vandalausum, að við svo búið mætti ekki lengur standa. Var þess og getið í bréfinu, að eiginkona stefnanda hafi tekið það ráð að senda son hjónanna, A, til Reykjavíkur vegna þeirra annmarka, sem á sambúð feðganna væri. Barnaverndarráðið hélt fund af þessu tilefni hinn 14. desember og boðaði til sín drenginn A, þá 12 ára að aldri. Samkvæmt bókun barnaverndarráðs kvað drengurinn föður sinn oft hafa barið sig ógætilega, þá nýlega fleygt sér niður og sparkað í sig. Systur sína, B, hafi stefnandi barið ógætilega fyrir ca. 3 árum, traðkað á höfði hennar og síðan barið hana með vatnsrörum í fæturna. Drengurinn kvað föður sinn vera mjög vondan við eldri börn sín, vera skömmóttan og erfiðan á heimili, en þó góðan á milli. Barnaverndarráðið samþykkti að láta málið til sín taka og fara austur þangað við fyrsta tækifæri. Daginn eftir fóru 3 ráðsmenn austur í Grímsnes. Fóru þeir fyrst til Guðmundar Guðmundssonar, formanns skólanefndar staðarins, og með honum svo og skólastjóra barnaskólans að Öndverðarnesi. Áttu þeir tal við eiginkonu stefnanda, X, sem kvað skapofsa stefnanda við börnin (þau eldri) vera yfirgengilegan. Hafi stefnandi misþyrmt þeim hvað eftir annað, og kvaðst hún vera hætt að hafa tölu á þeim tilfellum. Hann hafi hent þeim niður, tekið þau kverkataki, sparkað í þau, hvar sem var, svo sem höfuð, barið þau með spýtum og öðrum bareflum, svo að á þeim hafi séð meira og minna. Kvaðst hún vera hrædd og ekki þora að taka neina ábyrgð á því, sem fyrir kynni að koma. Kvaðst hún vera fullráðin í því að skilja við stefnanda. Ráðsmenn töluðu

við tvær dætur hjónanna, C, 18 ára, og D, 14 ára, og er bókað, að framburður þeirra sé mjög á sama veg og móður þeirra. Þá er þess getið í bókun barnaverndarráðs, að einnig hafi lítillaga verið talað við stefnanda. Að svo búnu fóru barnaverndarráðsmenn að Selfossi og ræddu við sýslumann. Óskuðu þeir þess við hann, að hann úrskurðaði, að stefnandi væri tekinn af heimilinu og færður í gæzlu og síðan komið til geðrannsóknar. Varð sýslumaður við þessum óskum, fór að Öndverðarnesi og lét flytja stefnanda að Litla-Hrauni án hans samþykkis.

Daginn eftir, hinn 16. desember 1960, setti fulltrúi sýslumanns sakadóm Árnassýslu að Öndverðarnesi. Komu þar fyrir dóm eiginkona stefnanda, dætur hans tvær, C og D, og Guðmundur Guðmundsson.

Eiginkonan X kvað á því hafa farið að bera, eftir að börnin hafi farið að stækka, að stefnandi léki þau illa, er honum hafi sinnast við þau, sem oftast hafi verið af litlu eða engu tilefni. Hafi hann um nokkurt skeið misþyrmt eldri börnunum, þannig að á þeim hafi séð, og beri þau ör eftir. Elztu dótturina, C, hafi stefnandi rekið að heiman, er hún var 15 ára. Kvaðst konan hafa séð stefnanda snúa hana niður á hárinu, og einu sinni hafi hann lúbarið hana í fjósinu með hafti, þannig að á henni hafi séð. Stefnandi hafi þó verið öllu verri við næstelztu dótturina, B, og hafi hún farið af heimilinu þá um haustið. Hafi stefnandi oft barið hana, og kvaðst hún hafa horft á hann berja hana með járnörri. Í eitt skipti hafi B komið frá fjárhúsum með föður sínum og verið illa út leikin í andliti. Hafi telpan kveðið kind hafa stokkið á sig, en seinna kvaðst konan hafa frétt, að stefnandi hafi slegið hana með spýtu, er honum hafi sinnast við hana. Konan kvað telpuna B hafa ætlað að strjúka að heiman þá um haustið, en hún hafi fengið hana ofan af því. Telpan hafi skrifað stefnanda bréf, er hún hugðist skilja eftir, og kvaðst konan hafa lesið það. Þar hafi telpan tjáð stefnanda, að hún gæti ekki hugsað sér að vera lengur hjá honum. Kvaðst hún vera hrædd við hann og óttaðist, að hann myndi drepa hana fyrr eða síðar. Þá kvað konan stefnanda eitt sinn hafa hrint telpunni B á gaddavírsgirðingu, þannig að hún hafi rifið sig mikið á fótunum. Sé hún með þrjú löng ör eftir það. Þá kvað konan stefnanda hafa verið afleitan við soninn A og oft misþyrmt honum. Þá skömmu áður hafi hún heyrt hávaða úti fyrir, og er hún hafi að gætt, hafi hún séð, að stefnandi hafi verið búinn að skella drengnum niður, og hafi hann gengið ofan

á honum og sparkað í hann. Er drengurinn hafi í bræði sinni rokið í stefnanda, hafi stefnandi slegið drenginn niður. Er konan hafi skorizt í leikinn, hafi stefnandi farið inn í bæ, þar sem hann hafi gripið til dóttur sinnar, E, og fleygt henni langt fram á gólf. Kvað konan börnin í óteljandi skipti hafa komið inn með blóðnasir eftir stefnanda, þó þau hafi ekki frá því sagt, hver valdur væri að. Konan kvaðst hafa komið drengnum A fyrir í Reykjavík eftir síðustu sennu þeirra feðga, þar eð hún taldi ekki hægt að hafa hann heima. Hafi drengurinn verið farinn að bila á taugum, eins og reyndar öll eldri börnin, þar sem þau væru öll hrædd við stefnanda og erfitt að sjá fyrir, hverju hann tæki upp á, þegar hann reiddist. Kvað konan skapofsa stefnanda einnig oft koma fram gagnvart skepnum, og fari hann þá mjög fantalega að þeim. Hafi hann til dæmis barið kýrnar með spýtum, þar til þær hafi fallið um. Þá um veturinn hafi stefnandi oft, er honum sinnaðist við nautgripina í fjósinu, snúið upp á hálsinn á þeim, þar til granirnar vísuðu beint upp, og síðan bitið í granirnar af öllu afli. Kvað konan börnin hafa sagt sér þetta, en sjálf hafi hún séð bitsárin á gripunum.

Dóttirin C, þá 18 ára, kvaðst minnst þess, að í þrjú skipti hefði stefnandi tekið harkalega í hana, í eitt skipti barið hana með hafti, í annað skipti snúið hana niður á hárinu og í þriðja skiptið hefði hann barið öll börnin og móðurina, er hann hafi orðið óður af bræði. Hún kvaðst þó í það skipti hafa verið svo hrædd, að hún hafi lítið fundið fyrir meiðslunum. C kvaðst hafa farið að heiman, er hún var 15 ára. Hafi stefnandi þá rekið hana að heiman. Honum hafi sinnazt við hana út af smáatviki í fjósinu. Hún hafi þó komið heim aftur og verið smátíma annað slagið. Hún kvaðst hafa verið áhorfandi, er stefnandi hafi misþyrmt A þá skömmu áður. Hafi hún séð það út um eldhúsgluggann. Stefnandi hafi margsinnis slegið drenginn niður og traðkað á honum. Þá hafi stefnandi tekið fyrir kverkar honum og manað hann í sig, en slegið hann jafnharðan niður aftur. Svipaðar aðfarir kvaðst hún oft hafa séð hjá stefnanda við systkinin, einkum B og A, en þau hafi helzt orðið fyrir barðinu á stefnanda. Hún kvaðst trúa stefnanda til alls, þegar hann fái reiðiköstin, og kvaðst telja það heppni, að ekki skuli hafa hlotizt stórslys af. Kvað hún stefnanda hafa hótað sér því að drepa hana. Einnig kvaðst hún hafa heyrt hann hóta A og B því, og systir hennar D hafi sagt hann einnig hafa hótað henni því. C kvað stefnanda oft misþyrma skepnunum og sé óskaplegt að sjá þær aðfarir.

Hann lemji þá gjarna kýr með höftum, keðjum eða áhöldum, skóflum og fleiru. Eitt sinn hafi hann barið hund svo, að hann hafi fallið í dá. Þá hafi hann eitt sinn sparkað svo í júgrið á kú, að hún hafi verið með bólguhnúð í 1 til 2 ár á eftir. Hún kvað stefnanda alltaf vera að rifast og skammast við þau systkinin og kalli þau þá slíkum óþverranöfnum, að ekki sé hægt að hafa þau eftir. Þá kvaðst hún hafa séð til stefnanda daginn áður, er hann hafi tekið skot frammi í herbergi þar, en hann hafi þá verið að fara í fjósið. Ekki kvaðst hún vita, hvað hann hafi með þau ætlað, en gat þess, að stefnandi hafi oft hóttað því að fyrirfara sér. Hún kvað stefnanda verða alveg trylltan, er hann fái köstin. Yfirleitt sé hann í slæmu skapi og hafi allt á hornum sér, en þó geti hann verið almennilegur á milli. Sé því líkast, að hann sé tvær persónur.

Dóttirin F, þá 14 ára, kvað stefnanda margsinnis hafa tekið í sig og barið sig þannig, að á sér hafi séð, en ekki kvaðst hún hafa nein ör eftir. Eitt sinn hafi stefnandi slegið hana svo utan undir inni í eldhúsi, að hún hafi verið bólgin í lengri tíma. Hafi hún þá ekki annað gert af sér en kíkja fram úr borðkróknum fram í eldhúsið. Þá um haustið hafi stefnandi barið hana svo utan undir úti við fjósið, að hún hafi fengið fossandi blóðnasir. Hún kvaðst hafa séð, er stefnandi hafi lumbrað á drengnum A þá nokkru áður, en hún hafi verið þar viðstödd. Kvaðst hún hafa margbeðið stefnanda að hætta, en hann hafi hrint henni frá. Kvað hún stefnanda hafa margslegið drenginn niður og tekið fyrir kverkar honum. Tilefnið hafi verið það, að stefnandi hafi sakað drenginn um að hafa sigað hundi á fé, en það hafi verið rangt. Drengurinn, sem hafi verið orðinn leiður á jaginu í stefnanda, hafi undir það tekið að hafa sigað á féð, og hafi stefnandi þá tryllzt. Eitt sinn hafi stefnandi kastað stærðar-rauðamölshnullungi í átt að A. A hafi beygt sig undan steininum, sem hafi flogið inn um glugga. Í annað sinn hafi A misst niður mjölílát í fóðurgangi. Við það hafi kýr, sem stefnandi hafi verið að mjólka, fælt. Drengurinn hafi beðið stefnanda fyrirgefningar, en hann hafi ekki sinnt því, heldur náð í drenginn, hrint honum og dustað hann til. Eftir þetta atvik hafi A strokið til Hveragerðis. Telpa kvað stefnanda tvívegis hafa hóttað að drepa hana, og í annað skiptið hafi hann tekið fyrir kverkar henni, meðan hann hafi haft í heitingum við hana. Hún kvað stefnanda hafa verið verstan við A og B. Hann sé yfirleitt í vondu skapi og ekki góður við þau systkinin, sem séu orðin

þreytt á látunum í stefnanda. Þá kvað telpan stefnanda oft fara illa með skepnurnar, og þurfi ekki annað til en að þær séu eitt-hvað órólegar. Eitt sinn hafi hann barið eina kúna með keðju, þannig að hún hafi verið öll í sárnum.

Guðmundur Guðmundsson kvaðst ekki hafa heyrt neitt um ástandið að Öndverðarnesi fyrr en þá um sumarið, en þá hafi barnaverndarmaður einn í Reykjavík beðið hann að tala við sig, er hann kæmi til Reykjavíkur. Hafi það dregizt fram í október, en þá hafi maður þessi tjáð, að ekki myndi allt í lagi með meðferð á börnunum að Öndverðarnesi. Hafi barnaverndarráðsmaður þessi beðið hann að aðvara stefnanda út af meðferð á börnunum. Guðmundur kvaðst hafa boðað skólanefndarfund þá daginn eftir (17. desember) og ætlað að fá stefnanda þangað til viðtals. Hann kvaðst hafa verið í vafa um, hvernig bezt væri að snúa sér í þessu, hafi verið í aðra röndina hræddur um, að stefnandi léti það bitna á konu og börnum, að máli þessu væri hreyft, en stefnandi sé þekktur að því að vera skapmikill. Að beiðni barnaverndarnefndarmannanna hafi hann farið með þeim að Öndverðarnesi og dvalið þar, meðan þeir fóru að Selfossi. Guðmundur kvaðst hafa séð, er stefnandi hafi daginn áður farið upp á stól og teygst sig eftir einhverju uppi á skáp. Kvaðst hann ekki hafa veitt þessu frekari athygli, en um leið og stefnandi var farinn, hafi eiginkonan sagt honum, að stefnandi hefði tekið skot uppi á skápnnum. Hafi hann þá ásamt Böðvari Stefánssyni, skólastjóra barnaskólans, farið á eftir stefnanda, sem þá var búinn að ná í byssu. Er þeir hafi innt stefnanda eftir því, hvað hann ætlaði með byssuna, hafi hann svarað, að hann hygðist skjóta hund. Eftir nokkrar fortölur hafi stefnandi afhent þeim byssuna. Guðmundur kvað stefnanda, er hann ræddi við hann þá um daginn, hafa í öðru orðinu talað um, að hann væri að vinna verkin þar á staðnum í síðasta skipti, en í hinu orðinu hafi hann talað um framtíðaráætlanir á jörðinni. Hafi engu líkara verið en að þar væri um tvær persónur að ræða.

Að þessum yfirheyrslum loknum, var stefnandi úrskurðaður til að sæta varðhaldi í 90 daga og jafnframt skyldaður til að hlíta geðrannsókn.

Hinn 20. desember 1960 var stefnandi yfirheyrður. Hann kannaðist ekki við að hafa misþyrmt börnum sínum, eftir því sem hann lagði skilning í það orð. Hins vegar kvaðst hann hafa hrist þau til, þegar þau hafi svarað skætingi, er þau hafi verið beðin að gera eitthvað. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa tekið

þannig í börn sín, að á þeim hafi séð. Sagðist hann ekki hafa gert það viljandi, en í eitt skipti hafi kringumstæður orðið þess valdandi, að stúlka meiddist. Hafi hún þá staðið við gaddavírsflækju, er hann hafi við henni stjakað, svo hún hafi dottið á virinn og rifið sig á fótunum, en hún hafi verið berfætt. Kvað hann þetta hafa verið óviljaverk. Að því er varðaði ástæðuna til þess, að drengurinn A hafi farið til Reykjavíkur, kvað stefnandi drenginn hafa verið óvenjulegan allt haustið og ekki fengizt til að vinna annað en vera í eldhúsi og hjálpa móður sinni. Einnig hafi drengnum og systur hans F komið illa saman. Stefnandi kannaðist við að hafa sinnast við drenginn dag nokkurn skömmu áður. Hafi hann beðið drenginn að hjálpa systur sinni við að elta kindur. Drengurinn hafi svarað illu til og sýnt stefnanda mjög mikla óvirðingu. Hafi stefnandi þá tekið hann og hrist hann til, en neitaði að hafa slegið hann. Kvaðst stefnandi þá hafa gefizt upp við að eiga við drenginn til vinnu. Stefnandi taldi börn sín ekki hlýða sér og vinna ekki eins og til er ætlað. Kvað hann ástandið hafa versnað, þegar elzta dóttirin hafi komið heim þá um haustið. Taldi hann vera samblástur hjá eldri börnunum gegn honum og leti til vinnu. Hann kvaðst hafa sagt elztu dætrunum að fara í burtu, er þær hafi ekki getað sætt sig við að vinna þá vinnu heima, sem þeim hafi verið ætluð. Þær hafi kvartað undan mikilli vinnu og engu kaupi. Kvaðst hann hafa sagt þeim að fara þangað, sem þær fengju vinnu við sitt hæfi.

Í beinu framhaldi af ofangreindu voru teknar skýrslur af drengnum A, dótturinni B og Árna Gunnari Pálssyni.

Drengurinn A kvað stefnanda oft hafa lagt á hann hendur og beitt hann þyngri refsingu heldur en tilefni hafi verið til. Skýrði hann frá því, að stefnandi hafi, er drengurinn var 7 eða 8 ára, slegið hann með spýtu mörg högg, eða þar til spýtan brotnaði. Kvaðst hann enn bera ör eftir þetta á lærinu. Þá lýsti hann atvikum að því, er hann hafi flúið að heiman vorið áður. Hafi hann þá misst fóðurkassa á höfuð kýr þeirrar, sem stefnandi hafi verið að mjólka. Hafi stefnandi þá rokið á hann og barið mörg högg. Kvaðst hann þá hafa farið rakleiðis út úr fjósinu og gengið til Hveragerðis. Þá skýrði A frá því, að hann hafi verið með ör á kinninni. Þá skömmu áður hafi stefnandi slegið hann utan undir, er honum hafi sinnast við hann fyrir að hafa misst kindur, er hann hafi átt að ná í, og við það hafi þykkildið hlaupið upp. Í þetta sama skipti hafi stefnandi tvívegis kastað

honum niður í götuna og sparkað í hann. Drengurinn skýrði einnig frá því, að stefnandi hefði eitt sinn barið telpuna B með járnröri yfir fætuna, og hafi hún fengið mikið af marblettum á báða fætur, en af því tilefni hafi hún farið að heiman. Þá hafi stefnandi eitt sinn orðið svo reiður við kú, að hann hafi tekið rafmagnskapal og farið að berja kúna. Systurnar C og B hafi verið þar til staðar, og hafi þær farið að hæðast að stefnanda fyrir að sýna lítilmennsku við kúna. Við það hafi stefnandi beint reiði sinni að B, skellt henni niður í fóðurganginn, sparkað í hana og stigið ofan á höfuð hennar.

Telpan B, þá 16 ára, kvaðst hafa farið að heiman um haustið 1959. Hafi tilefnið verið það, að stefnandi hafi slegið hana með járnröri, svo að hún marðist mikið á fótum. Hafi hún þá verið að hjálpa föður sínum við að koma upp girðingu, en óvart rekið rör í hann. Þá skýrði telpan frá því, að stefnandi hefði eitt sinn hrint henni á gaddavirsgirðingu, er honum hafi sinnast við hana, og hafi hún rifið sig á göddum girðingarinnar svo, að hún beri ör eftir. Einnig lýsti hún því, er stefnandi hafi skellt henni niður í fóðurganginn í fjósinu og þjarmað að henni. Hafi hún þá látið orð falla til stefnanda, er hann hafi misþyrmt kú einni, að menn, sem þannig höguðu sér, ættu ekki að hafa skepnur undir höndum. Hafi stefnandi þá beint reiði sinni til hennar. Eitt sinn hafi stefnandi barið kú svo í jógrið, að hún hafi bólgnuð mikið. Annars kvað telpan stefnanda oft hafa verið mjög góðan við kýrnar, og kúnum hafi auðsýnilega þótt vænt um hann. Þá kvað hún stefnanda eitt sinn hafa barið hana í andlitið með hnefanum, en hún kvaðst hafa sagt móður sinni, að kind hafi stokkið á sig. Hún kvaðst oft hafa séð stefnanda misþyrma systkinum hennar, sérstaklega A, oft barið hann og sparkað í hann.

Árni Gunnar Pálsson kvaðst hafa stundað veiði fyrir stefnanda sumurin 1955—1956, 1957 og 1960 og hélt þá til að Öndverðarnesi. Hann kvaðst fljótt hafa veitt því athygli, að stefnandi hafi ekki verið sem skyldi við börnin. Hafi hann verið harkalegur við þau, tekið á þeim og ætlað þeim allt of mikla vinnu. Hann kvaðst hafa séð stefnanda misþyrma börnunum. Í eitt skipti, er telpan F hafi átt að sækja hest og verið með taumbeizli með járnsmélum í hendinni, hafi stefnanda eitthvað sinnast við hana. Kvaðst Árni Gunnar hafa séð, er stefnandi hafi þrifið af telpunni beizlið og reitt það til höggs. Hafi stefn-

andi verið ofsareidur, og kvaðst Árne Gunnar hafa verið sannfærður um, að stefnandi hafi ætlað að keyra beizlið í höfuð telpunni, en hann kvaðst hafa getað hindrað það. Í annað skipti hafi A misst niður lykkjur úr pakka, er hann hafi verið að færa stefnanda hann. Er drengurinn hafi komið til stefnanda, hafi stefnandi prifið í herðar drengsins og hrist hann svo ofsalega til, að Árna Gunnari hafi virzt sem höfuðið myndi af drengnum. Að því búnu hafi stefnandi kastað drengnum frá sér, og endastakkst hann eftir túninu. Hafi stefnandi síðan tekið hamar og þeytt honum á eftir drengnum. Þessu næst hafi stefnandi tekið telpuna B og meðhöndlað hana á sama hátt og drenginn. Eitt sinn kvaðst Árne hafa heyrt hávaða úti fyrir, en hann hafi þá verið staddur innan dyra. Er hann hafi að gætt, höfðu kýrnar sloppið inn á hlaðið, og stóð stefnandi þá í miðjum hópnum með staur í höndum, sem hann hafi látið ganga á kúnum. Hafi stefnandi verið öskrandi af bræði, og hafi hann verið froðufellandi og augun tryllingsleg, er Árne hafi að honum komið. Kvaðst Árne Gunnar sérstaklega í þetta sinn hafa verið sannfærður um það, að stefnandi væri ekki heill á geðsmunum, og þó reyndar í fleiri skipti. Kvaðst hann mikið hafa umgengizt geðbilaðan mann og viðbrögð stefnanda, er hann reiddist, hafi mikið minnt sig á þann mann. Árne Gunnar kvað börnin hafa farið að bera sig upp við hann vegna meðferðar stefnanda á þeim, og hafi þau sagt mörg dæmi og sýnt ör eftir meiðsli af hans völdum. Hann kvað meðferðina á börnunum hafa verið drepanði, bæði til sálar og líkama; sálarlega fyrir enga föðurlega hlýju og sífelldar skammir og brigslyrði, en líkamlega vegna allt of mikillar vinnu og barsmíða. Árne Gunnar kvaðst hafa tekið mikið út af að horfa á meðferðina á börnunum og kvaðst oft hafa verið kominn á fremsta hlunn með að kæra stefnanda, en aldrei látið af verða.

Stefnandi var í gæzlu að Litla-Hrauni til 12. janúar 1961, en þá var hann fluttur til geðrannsóknar að sjúkrahúsinu Kleppi, þar sem hann dvaldi til 3. marz s. á., og þaðan var hann aftur fluttur í gæzlu að Litla-Hrauni. Hinn 6. marz var tekin skýrsla af stefnanda í sakadómi Árnessýslu. Þar mótmælir hann réttmæti þeirra framburða, sem komið höfðu fram, og kvaðst ýmislegt hafa við þá að athuga. Kvað hann meginefni framburðanna vera rakalausar þvætting, í sumum tilfellum væri ruglað saman atburðum, sem í raun og veru hefðu átt sér stað, ýktir þannig og færðir þannig í búning, að þeir væru lítt þekkjanlegir.

Óskaði stefnandi eftir að fá að gera skriflegar athugasemdir við framburðina.

Að loknu þinghaldi þessu, var stefnandi látinn laus úr varðhaldinu og málið sent til fyrirsagnar í Dómsmálaráðuneytið.

Lá þá fyrir skýrsla Þórðar læknis Möllers um rannsókn á geðheilbrigði stefnanda, dags. 24. marz 1961. Skýrslan byrjar með því að rekja æviferil stefnanda, en síðan lýsir lækningarnir þeim prófunum, sem gerðar voru á stefnanda. Í lok skýrslunnar er niðurstaða læknisins, og segir þar svo: „Hér er hvorki um að ræða fávita né geðveikan mann og varla geðveilan (psychopat) í venjulegustu merkingu þess orðs eða á mörkum þess, heldur tilfinningaheitan skapofsamann, sem í gegnum langvinnt basl og erfiðleika, bæði í afkomu og á heimili, er orðinn harðlyndur og óvæginn, svo allt verður undan að láta.

Eftir skýrgreiningu Schneiders á geðveilu (Schneider: Die Psychopathischen Persönlichkeiten, 9. útg., Wien 1950) myndi maður þessi þó að yfirgnæfandi líkum teljast í þeim hópi, en þar segir: Geðveil persónugerð er slík afbrigðileg persónugerð þeirra manna, sem þjáist undan afbrigðileika sínum, eða/og samfélagið lifur undan afbrigðileika þeirra.

Nánar tiltekið myndi þetta helzt kallast að þessum skilningi Psychopathia Explosiva, en svo er nefnt það afbrigði, sem hættir til ofsareiði við lítið tilefni, líkt og sprenging væri, og jafnvel áður en þeir hafa að fullu áttað sig á því, sem orsakar sprenginguna“.

Að fyrirlagi Dómsmálaráðuneytisins fór fram læknisskoðun á börnunum A og B. Í vottorði Gríms læknis Jónssonar, dags. 23. júní 1961, er skoðaði drenginn, segir, að „á hægri vanga er herzli í húðinni, 3 cm langt, 1 cm breitt, upphafið u.þ.b. ½ cm frá yfirborði húðarinnar. Það er rauðblátt, og nær litabreytingin dálítið út yfir takmörk þess. Þetta liggur u.þ.b. 2 cm frá munnvikinu og liggur stefna þess þvert á stefnu munnsins. Þetta er áberandi andlitslýti. Utanvert á hægri læri, dálítið skáhallt á stefnu lærlegsins, er ör, 5 cm langt, ½ cm breitt, þar sem það er breiðast.“

Í vottorði Kjartans læknis Magnússonar, dags. 6. júlí 1961, segir um telpuna: „Leiddi skoðun í ljós tvö ör á vinstri fótlegg. Hið stærra er ca. 5 cm langt og liggur utan á fótleggnum, um 5—6 cm ofan við öklaliðinn. Hitt örið, 2½ cm að lengd, er rétt neðan og innan við vinstra hné.“

Dómsrannsóknin var á þessu stigi send saksóknara ríkisins til

fyrirsagnar, en með bréfi, dags. 30. ágúst 1961, tilkynnti sak-sóknari þá ákvörðun sína, að eigi væru fyrirskipaðar frekari aðgerðir í málinu af ákæruvaldsins hálfu.

Hér fyrir dóm hafa allmörg vitni komið. Verða framburðir þeirra nú raktir, að því leyti sem máli þykir skipta.

Vitnin Gunnlaugur Þórðarson, Símon Jóh. Ágústsson og Gunn-ar Árnason, þeir þrír barnaverndarráðsmenn, er fóru að Önd-verðarnesi, hafa borið, að stefnandi hafi viðurkennt í samtali við þá, að hann gæti ekki stjórnað skapi sínu og að hafa lagt hendur á börn sín. Vitnið Gunnlaugur kvað stefnanda hafa meint, að hann gæti reiðzt svo illa, að hann gæti þá ekki stjórnað gerð-um sínum. Gunnlaugur kvað stefnanda ekki hafa viðurkennt að hafa misþyrmt börnunum, en hins vegar að hafa danglað í þau. Kvað Gunnlaugur sér hafa fundizt liggja í þeim orðum, að stefn-andi hafi verið of harðleikinn við börnin. Gunnlaugur kvað hringt hafa verið til formanns skólanefndar í Grímsneshreppi, áður en þeir nefndarmenn hafi farið austur, en ekki hafi verið gerðar frekari undirbúningsaðgerðir, vegna þess hve þeir hafi talið málið aðkallandi. Vitnið Símon Jóhannes kvaðst ekki muna, hvaða orðalag stefnandi hafi notað í umræddu samtali, en hann hafi talað um að hafa lagt hendur á börnin, en minnti, að stefn-andi hafi frekar talað um það sem föðurlega hirtingu. Símon Jó-hannes kvaðst hafa skilið stefnanda svo, að skapstjórn hans væri stundum svo ábótavant, að bæði konu og börnum gæti staf-að hætta af.

Árni Gunnar Pálsson kom fyrir dóm. Kvaðst hann ekki hafa ýkt eða missagt neitt í famburði sínum fyrir sakadómi Árn-es-sýslu. Vitnið kvað ástæðuna fyrir því að hafa ekki kært stefn-anda hafa verið þá, að hann hafi haft samúð með stefnanda og vonað, að hann myndi bæta ráð sitt. Einnig hafi hann ekki vitað, hvort eiginkona stefnanda hafi viljað, að það yrði gert. Hann kvaðst hafa beðið Gísla Sigurðsson kennara að kæra ekki stefn-anda, en Gísli hafi sagzt ætla að gera það, og jafnframt sagt, að framkoma stefnanda við börnin ætti engan sinn líka hér á landi.

Vitnið Guðbjörn Guðmundsson kvaðst hafa verið mjög lítið kunnugur heimilisháttum hjá stefnanda og konu hans og sjaldan komið á heimilið. Hins vegar kvaðst hann hafa heyrt sögur þess efnis, að stefnandi væri vondur við börnin og skepnur, en hann kvaðst ekki hafa tekið mark á þeim sögum, fyrr en móðir hans, sem búsett er í Laugardal, hafi komið til bæjarins og staðfest

þær. Guðbjörn kvaðst hafa skrifað bréfið til barnaverndarráðsins í samráði við fósturföður stefnanda og konu hans í tilefni af bréfi, sem hún hafi fengið frá konu stefnanda.

Vitnin Hörður Guðmundsson og Lilja Guðmundsdóttir, systkini eiginkonu stefnanda, kváðust oft hafa komið á heimili stefnanda. Þau kváðust aldrei hafa séð stefnanda veita börnunum líkamlega hirtingu, en hann hafi verið orðljótur og skömmóttur við þau. Þau kváðu börnin hafa sagt þeim, að stefnandi væri vondur við þau. Vitnið Lilja kvaðst eitt sinn hafa séð stefnanda kasta steini að drengnum A, er honum hafi mislíkað við hann, en steinninn hafi þó ekki hæft drenginn.

Vitnið Gunnar Haraldsson kvaðst hafa verið vinnumaður hjá stefnanda einn mánuð sumar nokkurt, og eftir það hafi hann komið til stefnanda nokkrum sinnum. Hann kvað heimilisbrag hafa verið góðan, en því væri ekki að neita, að stefnandi hafi verið nokkuð bráður. Vitnið kvaðst aldrei hafa heyrt stefnanda atyrða börnin, að undanteknu einu skipti, að hann hafi verið höstugur við dóttur sína.

Vitnið Anton Eypór Hjörleifsson kvaðst hafa verið um sumar tíma árið 1958 á heimili stefnanda sem snúningapiltur. Hann kvað samkomulag milli stefnanda og barna hans ekki hafa verið gott, en stefnandi hafi verið höstugur og harður við þau, en ekki beinlínis vondur. Hann kvaðst aldrei hafa séð stefnanda beita börnin líkamlegri harðneskju, að undanteknu einu skipti, er hann hafi slegið dótturina B kinnhest. Hann kvaðst eitt sinn hafa séð stefnanda stinga kú með hnífi í bóginn. Kýrin hafi verið óþekk, er stefnandi hafi verið að mjólka hana, og því hafi hann gripið til þessa ráðs. Vitnið kvaðst hafa skoðað sárið á eftir. Úr því hafi blætt, en það hafi ekki verið djúpt. Hann kvað stefnanda annars hafa yfirleitt farið vel með kýrnar.

Vitnin Soffías Ingimundur Þorkelsson og kona hans, Elín Sigurðardóttir, kváðust vera mjög kunn hjónunum að Öndverðar-nesi og heimsótt þau þangað öðru hvoru. Þau kváðu framkomu stefnanda við börn sín hafa verið óaðfinnanlega, að því leyti sem þau sáu til. Elín kvaðst eitt sinn hafa séð stefnanda slá dótturina D kinnhest, en það hafi verið vegna þess, að hún hafi brúkað munn við stefnanda, og taldi vitnið þau viðbrögð stefnanda eðlileg, eins og á stóð. Bæði vitnin kváðu þó eiginkonu stefnanda hafa orðað það, að stefnandi væri vondur við börnin, og einnig hafi Árni Gunnar Pálsson talað um það.

Vitnið Gísli Sigurðsson kennari kvaðst eiga sumarbústað við

Álftavatn, þar sem hann hafi dvalið á sumrin. Hafi hann oft komið að Öndverðarnesi til að afla matfanga, mjólkur eða fisks. Hann kvaðst aldrei hafa séð neitt athugavert við fjölskyldulíf þar, enda hafi hann ekki kynnt heimilisháttum náið. Vitnið mótmælti því að hafa haft orð á því við Árna Gunnar Pálsson, að hann hygðist kæra stefnanda, enda hafi hann og enga ástæðu haft til slíks. Hins vegar hafi Árni Gunnar stundum vakið máls á því, að slæmt ástand væri á heimilinu, að því er varðaði samskipti stefnanda og barnanna, en vitnið kvaðst enga skoðun hafa myndað sér um það atriði.

Vitnið Sveinbjörn Jónsson, næsti nágranni stefnanda, kvað stefnanda hafa komið sér fyrir sjónir sem myndarlegur maður, en ákaflega skapbráður, hvað lítið sem út af hafi borið. Vitnið kvaðst hafa séð stefnanda eitt sinn slá dótturina D í andlitið. Hafi vitnið þá verið að hjálpa stefnanda við að bólusetja fé. Telpan hafi farið með þeim til fjárhúss, og hafi hún borið ýmislegt dót. Er á staðinn hafi komið, hafi inngjafarpípa ekki fundizt, sem þar á meðal hafi átt að vera. Leitað hafi verið mikið án árangurs. Hafi stefnandi þá veitt telpunni höggið. Við nánari leit hafi pípan fundizt í dóti, er stefnandi hafi borið. Vitnið kvaðst ekki í önnur skipti hafa séð til slíkra athafna stefnanda.

Vitnið Böðvar Stefánsson skólastjóri kvað börn stefnanda hafa verið í skóla hjá honum. Hafi hann sótt börnin í skólann og farið með þau heim aftur, en skólinn er heimavistarskóli. Kvaðst vitnið ekki hafa séð annað en að ástriki hafi verið milli stefnanda og barnanna. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa séð áverka á börnunum, og ekki kvað vitnið börnin hafa í nokkurt skipti kvartað undan stefnanda. Vitnið kvaðst hafa þá skoðun, að stefnandi hafi verið fremur einstrengingslegur við börnin, og byggt þá skoðun á því, að hann hafi ekki viljað leyfa þeim að ganga í ungmennafélag sveitarinnar, eins og önnur börn gerðu. Vitnið kvaðst hafa farið að Öndverðarnesi með barnaverndarráðsmönnum að þeirra beiðni. Hafi Gunnlaugur Þórðarson haft orð fyrir þeim, og er stefnandi hafi spurt þá erindis, hafi Gunnlaugur svarað, að fyrir lægi kæra um slæma meðferð á börnunum. Hafi stefnandi þá spurt, hverjir hefðu sent þá, en svarað sér síðan sjálfur á þá leið, að þetta væri frá eiginkonu sinni komið eða hennar fólki. Hafi ekki orðið af frekari viðræðum við stefnanda, en barnaverndarráðsmenn farið og ætlað að ræða við eiginkonuna. Kvaðst vitnið hafa orðið eftir hjá stefnanda, og hafi þeir rabað saman almennt, mestmegnis þó um búskapinn. Er stefn-

anda hafi verið farið að lengja eftir barnaverndarráðsmönnum, þar eð hann hafi talið sig hafa annir, hafi þeir komizt að raun um, að þeir voru farnir. Er þeir hafi komið til baka, hafi sýslumaður Árneseinga verið í för með þeim. Stefnandi hafi þá verið inntur eftir því, hvort hann vildi fara með þeim af frjálsum vilja, og minnti vitnið, að spurt hafi verið, hvort hann vildi koma til geðrannsóknar. Því hafi stefnandi neitað, en þá hafi sýslumaður lesið upp úrskurð um handtöku fyrir stefnanda, og hafi þeir farið með hann brott.

Í málinu liggur fyrir vottorð Braga Ólafssonar, héraðslæknis að Eyrarbakka, dags. 31. marz 1962, þar sem segir, að hann hafi að beiðni sýslumannsins í Árneseyslu hinn 19. desember 1961 skoðað stefnanda að Litla-Hrauni. Segir læknirinn, að ekkert hafi komið fram í viðtalinu, sem bent hafi til þess, að stefnandi væri geðveill. Hins vegar hafi læknum virzt tal hans og framkoma geta bent til nokkurrar skaphörku. Taldi læknirinn eigi að síður vegna þeirra ummæla, sem stefnanda hafi fylgt, og vegna þess, að hann væri ekki sérfróður í geðsjúkdómum, að sjálfsagt væri, að stefnandi gengi undir geðrannsókn, og hafi hann tjáð sýslumanni það álit sitt munnlega.

Í vottorði Þórðar læknis Möllers, dags. 18. apríl 1963, segir m. a., að stefnandi hafi verið hafður á lokaðri deild í Kleppspítalanum og þá með geðsjúkingum á ýmsum stigum, en yfirleitt rólegum. Á deild þessari sé sambýli, og hafi stefnandi því sjálfsagt orðið fyrir einhverju ónæði af sambýlinu, en hjá því hafi ekki verið komizt, eins og húsaskipan er háttað á spítalanum. Þó taldi læknirinn fráleitt, að stefnanda hafi stafað nokkur háski af sambýlinu.

Þá liggur einnig fyrir í málinu vottorð þriggja forðagæzlumanna í Grímsneshreppi, dags. 17. desember 1960, en þeir skoðuðu þann sama dag búið að Öndverðarnesi. Í vottorði þessu segir m. a.: „Fénaður er allur í ágætu lagi, hvað fóðrun snertir, en við viljum benda á, að í fjósi eru allt of margir gripir, þar sem sumt af kálfunum hefur ekki annað pláss en flórin í fjósinu. Þrátt fyrir þessi þrengsli, teljum við hirðingu á gripunum til fyrirmyndar, miðað við aðstæður.“

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hin fyrirvara-lausa handtaka, úrskurður í gæluvarðhald, dvalir í fangahúsi og vistun á geðveikrahæli hafi verið ólögðmætar aðgerðir, víta-verðar, særandi, móðgandi og allsendis óþarfar. Barnaverndarráð hafi ekkert haft fyrir sér annað en örökstuddar sögusagnir

bróður eiginkonu stefnanda og síðan eingöngu stuðzt við fram-
burði tveggja barna hans og eiginkonu. Engra upplýsinga hafi
verið leitað frá vandalausum, presti, lækni eða fyrirsvarsmanni
skóla á staðnum. Úrskurður um gæzluvarðhald hafi og eingöngu
verið studdur sömu örökstuddum framburðum. Stefnanda var
og eigi gefinn kostur á að tjá sig um handtökuna, og engin lækni-
skoðun hafi verið látin fara fram, áður en gæzluvarðhalds-
úrskurðurinn hafi verið uppkveðinn. Stefnandi hafi verið lát-
inn dvelja í varðhaldi í um mánaðartíma, áður en hann var
fluttur í geðveikraspítalann, og þar hafi hann verið látinn dvelja
innan um geðsjúka menn í tæpa tvo mánuði. Telur stefnandi
allar þessar aðgerðir gagnvart sér hafa verið ástæðulausar,
enda hafi og engar aðgerðir verið fyrirskipaðar af hálfu ákæru-
valdsins vegna kæru barnaverndarráðsins, svo og hafi geðrann-
sóknin leitt í ljós heilbrigði hans. Hér hafi því verið um að ræða
fljótfaernisleg mistök af hálfu þeirra aðilja, sem að framan-
greindum aðgerðum stóðu, en á þeim beri stefndi fóbótaábyrgð.
Vitnar stefnandi til ákvæða 151. gr. og 152. gr. sbr. 150. gr. laga
nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála til stuðnings bótakröfu
sinni.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að skilyrði bresti til
skaðabótagreiðslu til stefnanda samkvæmt XVIII. kafla laga
nr. 82/1961, og heldur sé ekki um að ræða bótaábyrgð sam-
kvæmt almennum skaðabótareglum. Allmörg vitni hafa borið
um slíka hegðun af hálfu stefnanda, að ástæða hafi verið til að
efast um geðheilbrigði hans, enda hafi rannsókn leitt í ljós, að
hann hafi verið á mörkum þess að vera geðheill. Telur stefndi,
að næg rök hafi verið fyrir hendi til að úrskurða stefnanda í
gæzluvarðhald og til geðrannsóknar. Breyti þar eigi, þótt ákæru-
valdið hafi ekki fyrirskipað frekari aðgerðir af sinni hálfu vegna
kærumálsins á hendur stefnanda.

Af öllu því, sem hér að framan er rakið, þykir í ljós leitt,
að stefnandi hafi verið haldinn nokkrum skapbrestum og hann
af þeim sökum verið harðleiknari við börn sín en eðlilegt mátti
telja. Hins vegar verður að telja ósannað, að hann hafi verið
svo hættulegur umhverfi sínu, að nauðsyn hafi borið til svo
róttækra og langvarandi aðgerða gagnvart honum, sem raun
varð á. Á stefnandi því rétt til bóta af þeim sökum samkvæmt
2. tölulið 151. gr. laga nr. 82/1961, en á greiðslu þeirra bóta
ber stefndi ábyrgð.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

A. Beint tjón: 1. Vinnutjón stefnanda	kr. 35.500.00
2. Kaupgreiðslur	— 27.500.00
B. Óbeint tjón: Vegna líkamlegra og andlegra þjáninga, hneisu, ólöglegra og óforsvaranlegra aðfara og framkvæmda yfirvalda ríkisins, traustspjalla og röskunar á stöðu og högum	— 500.000.00
Samtals	kr. 563.000.00

Um A. Beint tjón.

Liður 2 er kaupgreiðsla til ráðsmanns þess, er fenginn var til að annast um bú stefnanda í fjarveru hans, og aðrar launa-greiðslur.

Stefndi hefur mótmælt því, að stefnandi eigi rétt til bóta fyrir eigið atvinnutjón og bóta vegna kaupgreiðslna til ráðsmanns. Hins vegar hefur hann eigi mótmælt því, að stefnandi hafi orðið að greiða þá fjárhæð, sem tilgreind er í tölulið 2. Ber því að taka þenna kröfulið til greina með þeirri fjárhæð, enda eru eigi rök til að bæta stefnanda eigið atvinnutjón jafnframt.

Um B. Óbeint tjón.

Þegar allt það er virt, sem hér að framan er rakið um aðgerðir gagnvart stefndanda, meðferð á honum svo og annað það, er máli þykir skipta, þykja bætur til handa honum samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Niðurstaða máls þessa verður því sú samkvæmt framansögðu, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda samtals kr. 87.500.00 (27.500.00 + 60.000.00) með vöxtum, eins og krafist hefur verið.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 14.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Halldóri Guðlaugssyni, kr. 87.500.00 með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1960 til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 14.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.